

**Nd. 401. Breytingartillögur [179. mál]**

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, þar með talin breyting skv. lögum nr. 49/1987 sem taka eiga gildi 1. janúar 1988.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (PP, GHH, KJóh, MB, GGP).

1. Á eftir 1. gr. komi ný gr. er orðist svo:
  1. tölul. A-liðar 1. mgr. 30. gr. laganna orðist svo:

Útgjöld að hámarki móttækin fjárhæð ökutækjastyrka, dagpeninga eða hliðstæðra endurgreiðslna á kostnaði sem sannað er að séu ferða- og dvalarkostnaður vegna atvinnurekanda eru í samræmi við matsreglur ríkisskattstjóra.
2. Við 2. gr. Í stað 1. másl. komi tveir nýir másl. er orðist svo: Frá tekjum má enn fremur draga einstakar gjafir til menningarmála, vísindalegra rannsóknarstarfa, viðurkenndrar líknarstarfsemi og kirkjufélaga, þó ekki yfir 0,5% af aðstöðugjaldsstofni gefanda á því ári þegar gjöf er afhent, sbr. 37. gr. laga nr. 73/1980. Með aðstöðugjaldsstofni í þessu sambandi er átt við stofninn eins og hann er áður en verðmæti gjafarinnar er bætt við hann.
3. Við 3. gr.

Á eftir orðinu „másl.“ komi: 3. mgr.
4. Við 8. gr.
  - a. Í 1. og 2. mgr. A-liðar komi 16 000 í stað „14 650“, 24 000 í stað „21 975“ og 48 000 í stað „43 950“.
  - b. Í stað „34 940“ í 2. mgr. B-liðar komi: 38 000.
  - c. 3. mgr. B-liðar orðist svo:

Barnabótaauki skv. 2. mgr. skerðist í jöfnu hlutfalli við tekjuskattstofn umfram 600 000 kr. hjá hjónum og umfram 400 000 kr. hjá einstæðu foreldri. Skerðingarhlutfallið skal vera 7% fyrir 1. barn, 6% fyrir 2. barn, 5% fyrir 3. barn og 4% fyrir börn umfram það.
  - d. Í stað „10. kafla laga nr. 75/1981“ í 1. másl. 8. mgr. B-liðar komi: X. kafla.

5. Við 9. gr. Greinin orðist svo:

2. og 3. tölul. 1. mgr. 71. gr. laganna orðist svo:

2. Tekjuskattur aðila, sem um ræðir í 2., 3. og 7. tölul. 3. gr., skal nema 20% af tekjuskattsstofni þeirra. Þessi hundraðshluti reiknast m.a. af launum eða þóknunum til listamanna og annarra þeirra sem fram koma í atvinnuskyni til skemmtunar eða í hvers konar keppni, en með launum og þóknunum teljast hvers konar hlunnindi, þar með talinn flutningur að og frá landinu hafi móttakandi ekki greitt hann sjálfur. Eigi skiptir máli hvort aðili kemur fram á eigin vegum eða í nafni annars aðila eða hvort greiðsla er frá innlendum eða erlendum aðila. Sérreglur gilda um eftirlaunaþega og lífeyrisþega skv. 3. mgr. þessa töluliðar.

Sá aðili, sem kemur fram í atvinnuskyni til skemmtunar eða keppni, sbr. 1. mgr. þessa töluliðar, án ákveðinna launa eða þóknunar en nýtur í þess stað afraksturs af slíkri starfsemi, skal greiða 13% tekjuskatt af heildartekjum af slíku starfi án nokkurs frádráttar.

Tekjuskattur eftirlaunaþega og lífeyrisþega, sem um ræðir í 2. tölul. 3. gr., skal reiknast af tekjuskattsstofni skv. 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. að teknu tilliti til persónuafsláttar skv. A-lið 68. gr. Persónuafsláttur skal í þessum tilvikum einungis dreginn frá tekjuskatti af eftirlaunum og lífeyri viðkomandi aðila og skal ónýttum hluta hans einungis ráðstafað til greiðslu á útsvari af sömu tekjum. Sá hluti persónuafsláttar sem þá er enn óráðstafað fellur niður og er hann ekki millifæranlegur milli hjóna nema þau séu bæði eftirlaunaþegar eða lífeyrisþegar og falli að öðru leyti bæði undir ákvæði þessarar málsgreinar.

3. Tekjuskattur aðila, sem um ræðir í 4., 5., 6. og 8. tölul. 3. gr., skal, ef um mann er að ræða, reiknast af tekjuskattsstofni með skatthlutfalli skv. 1. tölul. 1. mgr. 67. gr. án persónuafsláttar skv. A-lið 68. gr. Tekjuskatt lögaðila, sbr. 3. gr., skal reikna skv. 72. gr.

Tekjuskattsstofn erlendra váttryggingafélaga, sem starfa hér á landi, telst sá hluti heildarágóðans sem svarar til hlutfallsins milli iðgjaldatekna hér á landi og iðgjaldstekna af allri starfsemi þeirra.

6. Við 13. gr. Ákvæði 4. mgr. bráðabirgðaákvæðis I orðist svo:

Á árinu 1988 skal vaxtaafsláttur greiðast út.

7. Við 13. gr., bráðabirgðaákvæði II. Í stað „1985“ í 1. másl. komi: 1984 og í stað orðanna „B-liðar“ í sama másl. komi: C-liðar.
8. Við 13. gr., bráðabirgðaákvæði IV. Í stað „6 ár“ í niðurlagi fyrri mgr. komi: 10 ár.
9. Við 14. gr. Í stað „5. gr.“ komi: 8. gr.
10. Við 15. gr. Í stað „5. gr.“ komi: 8. gr.